
Fjárhagsnefnd

Pétur Ólafsson stýrimaður fjárhagsnefndar gerði grein fyrir nefndarinnar. Niðurstöður úr starfi nefndarinnar eru eftirfarandi tillögur/álit:

Ársreikningar 2016 og 2017

Samþykktir samhljóða.

Árgjöld hafna árin 2019 og 2020

Hafnasambandsþing haldið í Reykjavík 25. og 26. október 2018 samþykkir að árgjöld árunna 2019 og 2020 verði með óbreyttum hætti. Árgjöldin verða áfram miðuð við hlutfall af rauntekjum hafnanna næstliðið ár og verði hlutfallið 0,22% á árunum 2019 og 2020. Árgjöld verði að lágmarki 60.000 kr. og að hámarki 2.200.000 kr.

Álagning árgjalda fer fram þegar upplýsingar um tekjur allra aðildarhafna næstliðið ár liggja fyrir, þó ekki síðar en 15. september ár hvert. Stjórn hafnasambandsins hefur heimild til þess að lækka álagningarhlutfall ásamt lágmarki og hámarki árgjalda við álagningu þeirra, ef ljóst þykir að árgjöld geri meira en að nægja til þess að standa straum af kostnaði við rekstur hafnasambandsins samkvæmt samþykktri fjárhagsáætlun.

Tillagan samþykkt samhljóða

Gjöld vegna afnota fiskeldisfyrirtækja af hafnarmannvirkjum

Hafnasambandsþing haldið í Reykjavík dagana 25. og 26. október 2018 samþykkir að beina þeim tilmælum til ráðuneytis samgöngumála að láta endurskoða ákvæði hafnalaga hvað varðar tekjur hafna af fiskeldi og hafnsækinni þjónustu.

Vegna vaxandi umsvifa í fiskeldi og aukinna afnota fiskeldisfyrirtækja og annarra þjónustufyrirtækja af mannvirkjum og hafnarsvæðum, þarf að mati þingsins að breyta ákvæðum hafnalaga þannig að eðlileg gjöld renni til hafna af slíkri starfsemi.

Tillagan samþykkt samhljóða

Farþegagjald

Hafnasambandsþing haldið í Reykjavík dagana 25. og 26. október 2018 skorar á ráðherra samgöngumála að skerpa á ákvæðum hafnalaga um farþegagjald. Eðlilegt er að tekið sé gjald af farþegum skemmtiferðaskipa og hvalaskoðunarbáta og vegna fyrirtækja í hafnsækinni ferðaþjónustu til að standa undir rekstri og fjárfestingum í höfnum. Skýra þarf sérstaklega að sú aðstaða sem þegar er fyrir hendi og nýtt er af hafnsækinni ferðaþjónustu, falli undir ákvæði laganna.

Fjárhagsnefnd leggur til að tillaga um farþegagjöld verði vísað til stjórnar og var það samþykkt samhljóða.

Hlutverk neyðarhafna

Hafnasambandsþing haldið í Reykjavík dagana 25. og 26. október 2018 skorar á ríkisvaldið að styðja þær hafnir sem skilgreindar eru í lögum sem neyðarhafnir og tryggja að þær verði ekki fyrir fjárhagslegu tjóni ef óhapp verður.

Neyðarhafnir eru lögbundið hlutverk sex hafna á Íslandi en þeim skyldum fylgja ekki fjárveitingar eða möguleikar á viðbótartekjum. Nauðsynlegt er að ríkið leggi til fjármagn til að koma upp og viðhalda búnaði og þjálfa starfsfólk til viðbragðs við óhöppum og hættum sem kunna að fylgja skipum sem vísað er til neyðarhafnar. Þá sé það eðlileg krafa að ríkisvaldið tryggi að bætt verði það tjón sem geti orðið á hafnarmannvirkjum og umhverfi vegna hlutverks neyðarhafna.

Tillagan samþykkt samhljóða.